

# Golfklúbburinn Keilir

Virðing – Framsækni – Velliðan



## Stefnumótun 2011–2015

Stefna, markmið, framkvæmd, stjórnun og ábyrgð  
á framkvæmdum stefnumótunar

Nóvember 2011

Lokaskjal frá 3. nóv. 2011

## Inngangur

Golfklúbburinn Keilir hefur á undanförunum árum unnið að stefnumótun fyrir alla starfsemi í klúbbum með áherslu á markvissa stjórnsýslu og gerð íþróttanámskrár í golfþjálfun og golfkennslu. Árið 1998 leit fyrsta námsskráin dagsins ljós en hún hefur verið í reglulegri í endurskoðun frá þeim tíma. Á þessu starfsári hefur verið unnið að fimm ára stefnumótun Golfklúbbsins Keilis fyrir árin 2011 – 2015. Samhliða þeirri vinnu hefur endurskoðun að nýrri framsetningu námsskrár í golfkennslu og golfþjálfun fyrir GK staðið yfir.

Markmið með nýrri stefnumótun er að efla enn frekar fagmennsku á öllum sviðum í hjá Golfklúbbum Keili. Mikil áhersla var lögð á þjálfunarhluta starfsins í upphafi stefnumótunar þar sem meðal annars róttækar breytingar voru gerðar fyrir starfsárið 2011. Einnig var skipurit klúbbsins einfaldað en því er nú skipt upp í fjóra málaflokka sem stjórnaðir eru af jafn mörgum fagnefndum. Í þeirri stefnumótunarvinnu sem nú er lokið og birtist í þessu riti er meðal annars farið yfir stefnu og markmið hvernar nefndar fyrir sig, málaflokkar skilgreindir og settir í framkvæmdaferli. Hér liggur því ekki aðeins fyrir markviss mótun að stefnumiðum til næstu ára heldur einnig vinnuskjal sem ætlað er stjórnendum í Golfklúbbum Keili til næstu fimm ára. Stefnt er að því að frekari lýsingar á þessari stefnumótun verði að finna á heimasíðu félagsins. Það er von stjórnenda að Golfklúbburinn Keilir megi áfram halda virðingu sinni sem einn af leiðandi golfklúbbum á Íslandi, vera framsækinn í margþættu starfi og að hver og einn iðkandi megi njóta vellíðunar í einstöku umhverfi.

*Hafnarfirði, 12. október 2011*

*Bergsteinn Hjörleifsson  
formaður Golfklúbbsins Keilis*

## Stjórnun og skipurit Keilis

Stjórn Golfklúbbsins Keilis (GK) er kosin á árlegum aðalfundi félagsins samkvæmt lögum frá 8. desember 2003. Stjórnin ræður sér framkvæmdastjóra sem heyrir beint undir aðalstjórn. Aðalstjórn GK starfar eftir einföldu og gagnsæju skipuriti sem byggir á lögum félagsins, sjá mynd 1. Starfsemi GK er skipt í fjóra málaflokka, *stjórnun og rekstur*, *markaðsmál*, *íþróttir*, *golfþjálfun*, *mannvirki og golfvellir*. Allir málaflokkar heyra undir aðalstjórn en framkvæmdastjóri fylgir eftir starfi nefnda og málaflokka. Fagnefnd fer fyrir hverjum málaflokki þar sem formenn fagnefnda eru skipaðir af aðalstjórn. Formenn fagnefnda koma úr röðum aðalstjórnar eða eru skipaðir félagsmönnum GK utan aðalstjórnar vegna þekkingar þeirra á viðkomandi málaflokki.

Hver fagnefnd fer yfir og setur sér stefnumótun í samvinnu við aðalstjórn í viðkomandi málaflokki og fylgir henni eftir í samvinnu við framkvæmdastjóra GK. Á skipuritinu má sjá helstu málaflokka í hverri fagnefnd. Efnismeiri stefnumótun í starfsemi GK skal fara fram á fimm ára fresti. Hún felst meðal annars í endurskoðun á stefnu GK, skipuriti og málaflokkum. Stefnumótun í málaflokkum skal lokið innan tveggja mánaða frá árlegum aðalfundi GK. Efnismeiri stefnumótun er nú lokið og skal næsta stefnumótun fara fram árið 2015. Stefna skal að samþættingu og samvinnu milli málaflokka og verkefna þar sem starfi í einum málaflokki skarast við aðra. Slík starfsemi kallar á samvinnu og samþættingu í málaflokkum og verkefnum.



Mynd 1. Skipurit Golfklúbbsins Keilis.

# Aðalstjórn Golfklúbbsins Keilis



## Hlutverk stjórnarmanna

**Formaður** gegnir ábyrgðarmesta hlutverki stjórnarmanns GK. Mikilvægt er að formaður sinni starfi sínu af áhuga og fagmennsku, hafi að bera stjórnunarhæfileika og staðgóða þekkingu á öllum málefnum sem varða golfíþróttina og almennan rekstur. Formaður þarf að hafa frumkvæði í ýmsum málaflokkum, úrræðagóður og að deila verkum með öðrum stjórnarmönnum. Framkoma formanns og annarra stjórnarmanna, jafnt innan vallar sem utan, á að vera öðrum félagsmönnum fyrirmynd. Helstu hlutverk formanns eru meðal annars að koma fram fyrir hönd félagsins og vera málsvari þess gagnvart öðrum aðilum, undirbúa stjórnarfundi og sjá til þess að rétt sé til þeirra boðað. Jafnframt þarf hann í samvinnu við framkvæmdastjóra GK að þess að félagsmenn séu vel upplýstir um tilgang og markmið GK, að lögum félagsins og samþykktum félagsfunda sé framfylgt og að öllum erindum sem félaginu berast séu afgreidd eins fljótt og kostur er. Formaður þarf einnig að sjá til þess að starfsemi GK sé vel skipulögð, fari vel fram og að félagsmenn séu hvattir til að vera virkir í starfi.

**Varaformaður** tekur við starfi formanns í forföllum hans og þarf því að geta tekið við forystuhlutverki með stuttum fyrirvara. Hann þarf að vera vel að sér í þeim málefnum sem hér að ofan hafa verið nefnd auk þess að taka að sér ábyrgðarstarf í málaflokkum og nefndum á vegum GK. **Ritari** gegnir veigamiklu hlutverki í stjórn GK. Hann þarf að sinna af alúð fundarritun og halda af nákvæmni saman öllum göngum sem félaginu berast, skrá það í fundargerðir og flokka gögn í samvinnu við framkvæmdastjóra. Meðal helstu verkefna ritara eru skráning fundargerða stjórnarfunda og félagsfunda þegar ekki er óskað eftir öðrum til að sinna því starfi, sjá um bréfaskriftir í samvinnu við framkvæmdastjóra og formann, undirbúa ársskýrslu í samvinnu við aðra stjórnarmenn og starfsmenn GK. Meginhlutverk **gjaldkera** er að hafa umsjón með fjárreiðum og annast reikningshald GK í samvinnu við framkvæmdastjóra og starfsmenn á skrifstofu GK. Nauðsynlegt er að hann sé vel að sér í bókfærslu og hafi góða yfirsýn yfir efnahag GK hverju sinni. Í samvinnu við framkvæmdastjóra sér hann um innheimtu félagsgjalda, greiðir þau gjöld sem félaginu ber að greiða, innheimtir skuldir, semur ársreikninga, hefur umsjón með fjáröflunum á vegum GK og annast gerð fjárhagsáætlunar í samvinnu við aðalstjórn og viðkomandi nefndir. **Meðstjórnendur** gegna einnig lykilhlutverki í að starf í GK sé farsælt og fara með forystuhlutverk í nefndum innan málaflókka. Þannig bera allir stjórnarmenn sameiginlega ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru og framkvæmdar.

Eins og að framan greinir gegna stjórnendur GK þýðingarmiklu hlutverki í starfsemi GK. Hlutverk stjórnar er einnig að sjá til þess að skipulag golfþjálfunar sé eins og best verður kosið hverju sinni og að rekstur og umhirða golfvalla og æfingasvæða sé til fyrirmyndar. Stjórnarmenn hafa enn fremur tækifæri til að hafa frumkvæði að nýsköpun í starfi með mótun tillagna og virkri þátttöku í stjórnun og stefnumótun GK.

Til að tryggja góðan árangur í starfi GK er lögð áhersla á að skipulag og stjórnun sé í föstum skorðum og samvinna ríki milli allra þeirra aðila sem sinna stjórnun og rekstri. Meginhlutverk aðalstjórnar GK er að hafa umsjón með starfsemi félagsins í samræmi við samþykktir aðalfundar og lög félagsins. Af einstökum verkefnum stjórnar má nefna eftirfarandi atriði:

- Áætlanagerð um starfsemi GK til lengri og skemmri tíma
- Skipan nefnda fyrir helstu málaflokka
- Vinna að hugmyndum og tillögum um ný viðfangsefni
- Framfylgja samþykktum og ályktunum aðalfundar
- Fylgjast með að áætlanir og fjárhagur GK haldist í hendur
- Taka á mótum erindum sem berast og afgreiðslu þeirra
- Undirbúa fundi um ýmis málefni
- Skipta verkum með einstökum stjórnarmönnum
- Skipa nefndir og samræma aðgerðir

## Framkvæmdastjóri Keilis



Framkvæmdastjóri sér um að fylgja eftir stefnu GK og útfæra ákvarðanir aðalstjórnar eins og þær eru skilgreindar af stjórn hverju sinni. Framkvæmdastjóri er ábyrgur gagnvart stjórninni, sérstaklega formanni og gjaldkera, og tekur fyrir mælum þaðan. Hann hefur umsjón með daglegum rekstri, stjórnun starfsmanna, meðhöndlun og eftirliti með fjármálum, innheimtu reikninga, félagsgjalda og greiðslu reikninga. Jafnframt ber framkvæmdastjóri ábyrgð á því að fjárhags- og framkvæmdaáætlun sem gerð er fyrir hvert starfsár af stjórn GK sé fylgt eftir og standist í smáatriðum. Helstu starfssvið framkvæmdastjóra eru meðal annars almenn skrifstofustörf, kynningarmál, upplýsingagjöf og fjáröflunarmál, svo sem samræming á

fjáröflunum. Þá þarf framkvæmdastjóri að hafa umsjón með heimasíðu og heimasíðugerð, tölvumálum GK og sinna bréfaskriftum fyrir hönd aðalstjórnar. Framkvæmdastjóri sér um fundargerðir aðalstjórnar í samvinnuvið ritara, hefur eftirlit með félagaskrá í samvinnu við ritara og umsjón með færslu bókhalds í samráði við gjaldkera aðalstjórnar og önnur þau verkefni sem aðalstjórn kann að óska eftir.

### **Vallarstjóri**

Vallarstjóri GK skal inna af hendi öll störf vallarstjóra eins og þau eru skilgreind af stjórn GK og vallarnefnd hverju sinni. Hér er meðal annars átt við umhirðu golfvalla GK, stjórnun vallarstarfsmanna, framkvæmdir, viðhald og eftirlit með golfvöllum GK. Vallarstjóri ber ábyrgð á því að árlegum verk- og framkvæmdaáætlunum sem gerðar er af stjórn GK og framkvæmdastjóra sé fylgt eftir í smáatriðum. Starf vallarstjóra heyrir undir aðalstjórn og framkvæmdastjóra auk þess sem vallarstjóri á sæti í vallarnefnd fyrir málaflokkinn mannvirki og golfvellir. Helstu starfssvið vallarstjóra eru gerð árlegra árstíðabundinna verkáætlana, aðstoð við ráðningu vallarstarfsmanna í samvinnu við framkvæmdastjóra og aðalstjórn og skýrslugerð yfir framkvæmdir.

### **Íþróttastjóri**

Íþróttastjóri GK skal hafa yfirumsjón með faglegri hlið golfkennslu og golfþjálfun, veita golfþjálfurum og stjórnendum faglega ráðgjöf við þjálfun og uppbyggingu. Hann á að vera félagslegur leiðtogi og stuðlar að tengslum stjórnar, þjálfara, kylfinga, ráða og nefnda innan GK. Auk þess skal hann stuðla að auknu upplýsingaflæði og samvinnu GK við foreldra og stofnanir eins og skóla og fyrirtæki. Íþróttastjóri fylgist með árangri iðkenda og vinnu þjálfara hverju sinni. Hann aðstoðar þjálfara við hvers konar skipulagningu á þjálfun og fylgist með útfærslu þeirra á markmiðum í golfnámskrá GK. Hann sér um að halda reglulega fundi með þjálfurum og að þeir vinni samkvæmt þeim kröfum sem GK og námsskrá setur hverju sinni. Íþróttastjóri aðstoðar íþróttanefnd við val og ráðningu golfkennara sé þess óskað af aðalstjórn GK. Hann hefur umsjón með aðföngum, aðstoðar við skipulagningu móta og keppni og hefur faglega umsjón með golfskóla GK. Hann hefur, í samvinnu við framkvæmdastjóra og aðalstjórn, umsjón með nýtingu mannvirkja. Helstu starfssvið íþróttastjóra GK eru regluleg endurskoðun á golfnámskrá Keilis, sjá til þess að gerðar séu árlega árstíðabundnar áætlanir og að skil séu á árlegri skýrslugerð yfir árangur og þjálfun kylfinga GK.

### **Golfkennarar**

Golfkennarar GK hafa yfirumsjón með golfkennslu og þjálfun GK í samvinnu við íþróttastjóra GK. Þeir gegna lykilhlutverki við uppbyggingu og þjálfun byrjenda sem og lengra komna. Hver golfkennari skipuleggur starfs sitt af kostgæfni, einn sér og í samvinnu við aðra golfkennara og íþróttastjóra GK. Golfkennarar starfa eftir stefnu GK og íþróttanefndar. Hver golfkennari er ráðinn sem fastur starfsmaður hjá Golfklúbbnum Keili og ber ábyrgð á golfkennslu og þjálfun gagnvart framkvæmdastjóra GK og íþróttanefnd. Helstu starfssvið golfkennara hjá GK eru að sjá um golfkennslu fyrir félagsmenn GK og aðra áhugamenn um golf í samráði við íþróttanefnd klúbbsins, sjá um þjálfun barna, unglinga og afrekshópa og sjá um þjálfun nýliða og nýliðakennslu í samráði við afreksnefnd og nýliðanefnd klúbbsins. Golfkennarar bera ábyrgð á gerð þjálfunaráætlana, árs-, mánaðar- og vikuáætlunum og vinna æfingaáætlanir fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil fyrir þá kylfinga eða kylfingahópa sem þeir hafa umsjón með. Þá vinna þeir skýrslu í lok hvers starfsárs þar sem fram kemur hlutlæg lýsing á framkvæmd þjálfunar og mat á því hvernig til tókst og hvað hefði betur mátt fara.

## Starfsmenn og stjórnarmenn GK

### Stefna og hlutverk

- Að skipuleggja endurmenntun allra fastra og lausráðinna starfsmanna
- Að skipuleggja endurmenntun og námskeiðahald fyrir stjórnarmenn
- Að stuðla að háþrókun í starfi starfs- og stjórnarmanna

### Markmið

- **Að starfsfólk sé með góða og sérhæfða menntun**
- **Að starfsfólk eigi greiðan aðgang að nýjustu upplýsingum/menntun í þeirra fagi**

### Málaflokkar og framkvæmdaferli fyrir starfsmenn og stjórnarmenn GK

Málaflokkur	Framkvæmd	Tímasetningar	Ábyrgðaraðili
Endurmenntun fastra og lausráðinna starfsmanna GK	- Setja fram tillögur að endurmenntun fastra sem lausráðinna starfsmanna GK og fella þær inn í launasamninga og kostnaðaráætlanir	<b>Nóvember ár hvert</b>	Framkv.stjóri og stjórnarmaður (Íþróttastjóri)
Endurmenntun þjálfara	- Setja fram tillögur að endurmenntun golfkennara og fella þær inn í launasamninga og kostnaðaráætlanir	<b>Nóvember ár hvert</b>	Íþróttastjóri i samráði við stjórn
Endurmenntun stjórnarmanna	- Setja fram tillögur að endurmenntun stjórnarmanna og fella þær inn í launasamninga og kostnaðaráætlanir	<b>Nóvember ár hvert</b>	Íþróttastjóri i samráði við stjórn

## Málaflokkar og nefndarstarf á vegum Keilis

Nefndarstörf í málaflokkum gera ákveðnar kröfur til nefndarmanna, jafnframt því sem þeir sinna afmörkuðum verkefnum sem krefjast ákveðinnar fagþekkingar í viðkomandi málaflokki. Með samþykki stjórnar Keilis er starfsnefnd heimilt að skipa undirnefnd vegna ákveðinna og aðkallandi verkefna. Stjórnun og störf í starfsnefnd gerir kröfur um sjálfstæð vinnubrögð, góða skipulagningu og markvissa stjórnsýslu. Helstu reglur varðandi nefndarstörf eru þessar:

### Starfsskipulag

- Markvisst skipulag funda
- Ritun fundargerða
- Samantekt áfangaskýrslu tvisvar sinnum á ári; 15. apríl og 15. október
- Samantekt ársskýrslu sem er afhent stjórn Keilis 15. nóvember ár hvert

### Tilgangur

- Vinna að stefnumótun nefndar á viðkomandi málaflokki til að ná þeim markmiðum sem stjórn GK setur sér hverju sinni
- Styðja við starf stjórnar og efla samstarf innan Keilis
- Tryggja vandaða umfjöllun mála
- Vera uppspretta nýrra hugmynda
- Afla og viðhalda þekkingu fyrir starfsemi Keilis
- Gera þekkingu aðgengilega í starfi Keilis
- Vera vettvangur umræðu sem leiði til niðurstöðu og aðgerða
- Gera tillögur um lausnir verkefna til stjórnar Keilis
- Taka þátt í gerð og mati á starfsáætlunum stjórnar Keilis
- Fylgjast með framkvæmd áætlana á viðkomandi sviði
- Skapa skilning og miðla þekkingu og reynslu til stjórnar Keilis

### Vinnulag

- Setja fram tillögur um vinnulag
- Hefja starf í nefnd með úttekt á stöðu í viðkomandi málaflokki
- Setja fram framkvæmdaáætlun þar sem fram kemur hvernig markmiðum nefndar verði náð
- Setja fram tímaáætlun um loka- eða áfangaskil



## Stjórnun og rekstur – Rekstrarnefnd

Helstu málaflokkar rekstrarnefndar eru áætlanagerð, fjárhagsbókhald, skrifstofa, starfsmannamál, verslun og veitingar auk þess að hafa umsjón með ýmsum nefndum á vegum GK.



### Stefna

- Að klúbburinn standi við allar sínar skuldbindingar.
- Að fjármál (fjárhagsáætlun) GK og ráðstöfun fjármuna til hinna ýmsu málaflokka í starfseminni séu ávallt skýr og aðgengileg.

### Markmið

- Að rekstur skili 15% afgangi af reglulegri starfsemi.
- Flýta niðurgreiðslum skulda eins og frekast er kostur.
- Haga fjárfestingum í takt við skuldsetningu félagsins hverju sinni.
- Haga fjárfestingum og uppbyggingarstarfi þannig að GK verði ávallt fremstur í flokki golfklúbba á Íslandi.

## Stefnumótun í málaflokkum rekstrarnefndar

Málaflokkur	Framkvæmd	Tímasetningar	Ábyrgðaraðili
Fjárhagsbókhald	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ber ábyrgð á færslu bókhalds og gerð reikningsskila.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ársuppgjör í desember.</li> <li>6 mán. uppgjör í maí.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.
Áætlanagerð	<ul style="list-style-type: none"> <li>Hefur yfirumsjón með gerð fjárhagsáætlunar.</li> <li>Fylgir fjárhagsáætlun eftir með milliuppgjörum.</li> <li>Veitir aðhald með öllum fjáruútlátum og að þau verði innan fjárhagsáætlunar.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Fjárhagsáætlun lögð fyrir aðalfund í desember.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.
Skrifstofa	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ber ábyrgð á rekstri fasteigna.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagleg stjórnun.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.
Starfsmannamál	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ber ábyrgð á mannauðsmálum félagsins.</li> <li>Ber ábyrgð á launastefnu og ráðningasamningum.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagleg stjórnun.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.
Golfverslun og veitingasala	<ul style="list-style-type: none"> <li>Ber ábyrgð á rekstri verslunar.</li> <li>Gerir samning við verktaka um rekstur veitingasölu.</li> <li>Fylgir eftir og veitir aðhald með því að gæði þjónustu til hins almenna kylfings sé ávallt góð.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Dagleg stjórnun.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.
Sérstakar nefndir	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipar formenn og starfsmenn nefnda.</li> <li>Skilgreinir hlutverk nefnda og ber ábyrgð á að nefndir starfa skv. því.</li> <li>Nefndir á vegum Keilis eru; íþróttanefnd, kappleikjanevnd, vallarnefnd, unglínganefnd, öldunganefnd, bygginganefnd, aganefnd, forgjafarnefnd orðunefnd, kvennanefnd, nýliðanefnd, laganefnd og skemmtinefnd.</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Skipar í nefndir á fyrsta starfsfundi stjórnar.</li> </ul>	Framkvæmdastjóri í samráði við rekstrarnefnd.

## Markaðsmál – Markaðsnefnd

Helstu málaflokkar markaðsnefndar eru auglýsingar, styrkir, boðsmót, heimasíða og heimasíðugerð, og umsjón með stefnumótun GK í ýmsum málaflokkum í samvinnu við aðrar nefndir GK.



### Stefna og hlutverk

- Í samvinnu við starfsmenn og nefndir að móta stefnu Keilis í fjáröflunar- og markaðsmálum
- Bera tillögur á sviði fjáröflunar- og markaðsmála undir stjórn Keilis hverju sinni
- Leggja fram markaðsáætlun Keilis með nefndum og flokkum
- Klúbburinn verði ávallt áhugaverður samstarfsaðili fyrir auglýsendur og stuðningsaðila
- Hámarka á hverjum tíma þær tekjur sem Keilir hefur möguleika á því að ná í með samstarfssamningum og styrkjum.

### Markmið

- Að auka tekjur af Sveinkotsvelli
- Að auka tekjur af Hraunkoti
- Móta vinnureglur um fjölda boðsmóta, GSÍ móta og fyrirfram bókaðra rástíma (VIP tíma)
- Bjóða vörur Hraunkots til sölu á netinu
- Vinna að umhverfissvottun fyrir golfvelli GK
- Í samstarfi við Golf Iceland kynna GK sem áhugaverðan aðila í golfvallaflóru Íslands

## Stefnumótun í málaflokkum markaðsnefndar

Málaflokkur	Framkvæmd	Tímasetningar	Ábyrgðaraðili
Auglýsingar og styrkir	Fara yfir alla samninga Keilis Lista upp möguleika á auknum tekjum byggt á endurskoðun núverandi samninga	Nóvember ár hvert	Framkvæmdastjóri og nefnd
Boðsmót – GSÍ mót	Setja vinnureglur um fjölda boðs og GSÍ móta á ári Setja markmið um tekjuöflun vegna boðs og GSÍ móta til næstu ára	15.11.2011	Framkvæmdastjóri og nefnd
Heimasíða Keilis og Hraunkots	Bjóða vörur Hraunkots og golfkennara til sölu á netinu Auka sýnileika Keilis og Hraunkots á netinu	01.11.2011 01.11.2011	Framkvæmdastjóri og nefnd
Heimasíða Keilis	Uppfæra heimasíðu GK	15.02.2012	Framkvæmdastjóri og nefnd
Hraunkot	Greining á tekjum v/Hraunkots 2011 Áætlun um auglýsingatekjur v/Hraunkots fyrir 2012 Sala á auglýsingum, nýir tekjumöguleikar Aukin þjónusta við kylfinga, leiðbeiningar um æfingar á plakötum. Skilgreina markhópa fyrir Hraunkot.	20.11.2011 20.11.2011 Nóvember ár hvert 15.04.2012 01.02.2012	
Sveinkotsvöllur	Greining á tekjum af Sveinkotsvelli 2011 Áætlun um aukningu á tekjum vegna ársins 2012 Sala á vellinum til fyrirtækja, sala auglýsinga á völinn	15.10.2011 01.03.2012 Nóvember ár hvert	Framkvæmdastjóri og nefnd
Markaðsmál	Umhverfismál vottun Ferðatengd íþróttþjónusta Samstarf við Golf Iceland Markaðsáætlun fyrir Keili	Nóvember ár hvert	Framkvæmdastjóri og nefnd

## Íþróttir og golfþjálfun – Íþróttanefnd

Helstu málaflokkar íþróttanefndar eru golfþjálfun, golfkennsla, umsjón með útgáfu og framþróun golfnámskrár GK, stuðningur og samstarfi við iðkendahópa, golfkennara, foreldra og nýliða.



## Íþróttanefnd

### Stefna

- Að stuðla stöðugt að bættum árangri kylfinga Keilis
- Að sjá til þess að hjá GK starfi hverju sinni Golfkennarar í fremstu röð
- Að leggja fram ársáætlun í samvinnu við golfkennara fyrir hvert æfinga- og keppnistímabil skv. námsskrá GK
- Að aðstoða við fjáröflun fyrir sérstök verkefni
- Að veita eftirlit og stuðning við námskrárgerð, og endurnýjun námsskrár
- Að framkvæma nákvæma fjárhags áætlanagerð tengda æfinga og keppnishaldi

### Markmið

- Að GK sé fyrirmynd annarra golfklúbba er varðar gæði þjálfunar barna, unglunga og afrekskylfinga, ásamt aðbúnaði og þjónustu fyrir hinn almenna kylfing
- Að hafa ætíð kylfinga í fremstu röð á Íslandi
- Að kennsla/menntun starfsfólks sé í fremstu röð
- Að umgjörð iðkenda sé í fremstu röð

## Stefnumótun í málaflokkum íþróttanefndar

Málaflokkur	Frankvæmd	Tímasetningar	Ábyrgðaraðili
Þjálfun og kennsla	Séð skal til þess að þjálfun og kennsla sé samkvæmt námsskrá og ráðninga-samningum þjálfara.	Nóvember ár hvert	Íþróttastjóri
Golfnámskrá GK	Ljúka, gerð námsskrár.	Október 2011	Íþróttastjóri, þjálfarar
Iðkendahópar	Hafa eftirlit með stærð iðkendahópa svo stærð þeirra sé skv. námsskrá ellegar bregðast við í upphafi æfinga.	Okt-des 2011	Íþróttastjóri, þjálfarar
Þjálfarar	Fara skal ár hvert yfir ráðningakjör þjálfara í samræmi við heildar iðkendafjölda.	Október 2011-2015	Íþróttastjóri
Foreldraráð	Endurskipuleggja samráðsvettvang þjálfara, stjórnar og foreldraráðs	Nóvember 2011	Stjórn Keilis
Nýliðafræðsla	Uppfæra upplýsingar tengdar nýliðum og nýliðanámskeiðum á heimasíðu.	Apríl – maí 2012	Stjórnarmaður (Ingveldur)
Afreksnefnd/ Íþróttanefnd	Í nýju skipuriti Keilis hlýtur afreksnefnd heitið Íþróttanefnd. Kynna skal nýja skipan fyrir félagsmönnum	Desember 2011	Aðalfundur, íþróttastjóri
Afrekshópar öldunga	Fella afrekshópa öldunga að öðru íþróttastarfi. <a href="#">Skýra afrekskylfingum öldunga frá breyttri skipan</a> Allir greiða æfingagjöld og fá sömu þjónustu.	Nóvember 2011	Framkvæmdastjóri/íþróttastjóri (Guðjón Sveinsson – Kristjana Aradóttir)
A og B hópar kylfinga	Endurskilgreina hópaskiptingu í A- og B-hóp út frá nýrri námsskrá	Nóvember 2011	Íþróttanefnd (golfkennari – íþróttastjóri)
Bætt félagsvitund og félagsleg útlökun	Koma fram með hugmyndir sem stuðla að betri félagsvitund. t.d. sameiginlegar ferðir til keppnishalds. Og hugmyndir að félagsstarfi utan æfinga.	Nóvember 2011	Golfkennari og foreldri (Sigurpáll og Víðir)
Hópefli og samstarf í íþróttastarfi GK	Stuðlað skal að auknu samstarf foreldra og PGA kennara í starfi GK Halda skal reglukvöld með skemmtilegu ívafi.	Vetur 2011 2012	Golfkennari og foreldri (Sigurpáll og Víðir)
Almennir kylfingar	Þjóða upp á aukna þjónustu fyrir almenna kylfinga. Reglubundnar æfingar yfir veturinn Styttir námskeið og fræðslufyrirlestra um efni sem nýtist hinum almenna kylfing við uppbyggingu sinnar þjálfunar.	Boðið verði upp á æfingar gegn gjaldi veturinn 2011 – 2012.	Framkvæmdastjóri, stjórnarmaður og golfkennari; Óli Þór, Jóhann og Ingveldur

## Mannvirki og golfvellir – Vallarnefnd

Helstu málaflokkar vallarnefndar tengjast golfskála, Hraunkoti, vélageymslu, golfvöllum og öðrum mannvirkjum GK.



### Stefna

- Gera framkvæmdaáætlun í samstarfi við framkvæmdastjóra og vallarstjóra og fylgja henni eftir
- Sjá um að setja upp völl fyrir stórmót
- Vera stjórn ráðgefandi varðandi tillögur að nýjum framkvæmdum og endurbótum á velli og æfingasvæði
- Að undirbúa og koma í framkvæmd stærri verkefnum
- Að móta og sinna stærri viðhaldsverkefnum
- Að koma á fót nýju golfsvæði

### Markmið

- Að byggingar Keilis séu ávallt í mjög góðu ástandi
- Aðstaða kylfinga sé hin besta sem völ er á hverju sinni
- Að umhirða vallar sé ávallt til fyrirmyndar

## Stefnumótun í málaflokkum vallarnefndar

Málaflokkur	Framkvæmd	Tímasetningar	Stjórnandi
Hraunkot	Laga Norðurkot til tekjuauka Net á æfingasvæði Fara í þarfagreiningu á Norðurkoti Lagfæringar á æfingasvæði	Vetur 2015 Desember 2015 Maí 2014 Desember 2011	Vallarnefnd – Framkvæmdastjóri Vallarnefnd – Framkvæmdastjóri Golfkennarar – Vallarnefnd Vallarstjóri
Aðalvöllur	Finna mögulegar lausnir á 15. braut <ul style="list-style-type: none"> <li>• Drenskurður</li> <li>• Laga brautina</li> </ul> Endurhanna og bæta við glompu á 14. braut Skoða nýjan teig á 11. braut Hvítur teigur á 4. braut Stækkun á 8. Teig Vökvunarkerfi <ul style="list-style-type: none"> <li>• Vökvunarkerfi fyrir 7. braut</li> <li>• Bæta vankanta á núverandi kerfi</li> </ul>	Maí 2012 Maí 2015 Maí 2012 Maí 2013  Lokið apríl 2011 Lokið apríl 2011 Apríl 2012	Vallarstjóri Vallarnefnd – Golfvallarhönnuður Vallarnefnd og golfvallarhönnuður Vallarnefnd og golfvallarhönnuður  Vallarstjóri og vallarnefnd Vallarstjóri og vallarnefnd Vallarstjóri
Sveinskotsvöllur	Auka gæði vallarins og ljúka framkvæmdum við tvær nýjar holur	Maí 2014	Framkvæmdastjóri í samvinnu við formann nefndar
Vallarhönnun	Vinna endanlegt skipulag fyrir golfsvæði Keilis;18 holu aðalvöll og Sveinskotsvöll	<b>Desember 2013</b>	Vallarnefnd og golfvallarhönnuður
Framtíðarvöllur <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nýtt golfsvæði (Hvaleyrarvatn)</li> </ul>	Vinna í samráði með bæjaryfirvöldum að tryggja svæði undir nýjan golfvöll og festa svæðið í nýju aðalbæjarskipulagi Hönnun á nýjum golfvelli á Hvaleyrar-vatnssvæði	Desember 2013 <b>Desember 2015</b>	Framkvæmdastjóri og mannvirkjanefnd  Vallarnefnd, golfvallarhönnuður og mannvirkjanefnd
Æfingasvæði	Gras á æfingasvæði, fyrir aftan 10 flöt.	<b>Október 2012</b>	Vallarnefnd



## Starfsheiti, nöfn og upplýsingar um stjórnar-, nefndar- og starfsmenn GK

Formaður	Bergsteinn Hjörleifsson	Erluhrauni 2 – 220 Hf.	5650384/8403066	<a href="mailto:bh@skeljungur.is">bh@skeljungur.is</a>
Varaformaður* <sup>1</sup>	Sveinn Sigurbergsson	Lækjarhvammur 18 – 220 Hf.	5554707/8990317	<a href="mailto:svenni17@mi.is">svenni17@mi.is</a>
Gjaldkeri* <sup>2</sup>	Pálmi Hinriksson	Víðiberg 7 - 221 Hf	5651496/ 8966958	<a href="mailto:palmih@siminn.is">palmih@siminn.is</a>
Ritari	Guðmundur Haraldsson	Eyrarholti 6 – 220 Hf.	5650351/8999118	<a href="mailto:guðmundurh@riotinto.com">guðmundurh@riotinto.com</a>
Meðstjórnandi* <sup>3</sup>	Arnar Atlason	Spóaási 22-221 Hf.	5653403/8400840	<a href="mailto:arnar@tor.is">arnar@tor.is</a>
Meðstjórnandi	Ingveldur Ingvarsdóttir	Skipalóni 25, íb.104-220 Hf.	5650625/6986450	<a href="mailto:ingving@internet.is">ingving@internet.is</a>
Meðstjórnandi	Hálfdan Karlsson	Lækjarberg 5 - 221 Hf.	5654278/6917454	<a href="mailto:hkarl@visir.is">hkarl@visir.is</a>
Framkvæmdastjóri	Ólafur Ágústsson	Lækjargötu 30 – 221 Hf.	5658948/8964575	<a href="mailto:olithor@keilir.is">olithor@keilir.is</a>
Vallarstjóri	Daniel Harley	Vesturtún 53a -225 Alft.	5552547/8633065	<a href="mailto:daniel@keilir.is">daniel@keilir.is</a>
Golfkennari	Sigurpáll Geir Sveinsson	Fálkahöfði 4- 270 Msfb	4611514/8620118	<a href="mailto:siggipalli@keilir.is">siggipalli@keilir.is</a>
Golfkennari	Björgvin Sigurbergsson	Álfaskeið 18- 220 Hf.	5650805/8964512	<a href="mailto:bjorgvin@keilir.is">bjorgvin@keilir.is</a>
Golfkennari	Jóhann Kristinn Hjaltason	Burknaveilir 17c- 221 Hf.	8974198	<a href="mailto:joi@keilir.is">joi@keilir.is</a>
Nefndarmaður* <sup>4</sup>	Freyr Hólm Ketilsson	Stakkhamrar 20 – 112 Rvík.	5889966/8586307	<a href="mailto:freyrholm@gmail.com">freyrholm@gmail.com</a>

## Formenn nefnda

- \*1 Formaður vallarnefndar
- \*2 Formaður rekstrarnefndar
- \*3 Formaður íþróttarnefndar
- \*4 Formaður markaðsnefndar